

Framboð til kirkjuþings

Ólafur Gestur Rafnsson

5. kjördæmi
Vestfjarðarprófastsdæmi

Ég heiti Ólafur Gestur Rafnsson og er fæddur á Patreksfirði 1970. Ég hef búið alla mína tíð á Patreksfirði og bý með konu minni Ólöfu Guðrúnu Þórðardóttur og eigum við fjögur uppkomin börn og 8 barnabörn.

Árið 1994 þá 24 ár að aldri var ég beðinn að koma og vera kirkjuvörður/meðhjálpari af því að kirkjuengillinn eins og kirkjuvörðurinn var kallaður væri að hætta eftir 50 ára starf. Með því fylgdi líka að sjá um útfarir á svæðinu. Ég var kirkjuvörður til 2019 en þá tók ég mér smá frí en er búinn að taka við því starfi aftur. Fljótlega eftir að ég byrjaði að starfa innan kirkjunnar var ég komin í sóknarnefnd og hef starfað þar með hléum og verið gjaldkeri og formaður lengst af. Ég hef einnig sungið með kirkjukórnum síðustu áratugi.

Ég starfa hjá Vélsmiðjunni Loga sem verslunarstjóri og hef gert síðan 2004.

Fyrir síðustu kosningar til kirkjuþings fyrir fjórum árum var ég beðinn um að gefa kost á mér, sem ég gerði og náði kjöri. Það að starfa á kirkjuþingi er krefjandi og einnig mjög gefandi, það að kynnast öllu þessu fólki sem starfar í kringum þingið er alveg dásamlegt.

Mér eru nokkur málefni hugleikinn, eins og barnastarf, æskulýðsmál og að opna kirkjuna meira fyrir fólki, að kirkjan verði sjáanlegri en þá þarf ríkið að hætta að skerða sóknargjöldin til að safnaðarstarf geti aukist. Einnig þarf að kynna kirkjuþingið meira og opna fyrir kosningar þátttöku.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér næstu fjögur árin og leita til sóknarnefndarfólks á Vestfjörðum að fá þeirra stuðning.

